

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 240, 14. mars 2006, um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:

Sé kolmunnaafli bræddur um borð í skipi skulu allar mjölafurðir vigtaðar á hafnarvog við löndun. Við útreikning mjölafurða til aflamarks í kolmunna skal miða við 17,5% nýtingarstuðul. Ákvæði þetta miðast við bræðslu á heilum kolmunna.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. reglugerð nr. 54, 23. janúar 2003, um mælingar og vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. febrúar 2007.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Árni Múli Jónasson.